

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Viðskiptabanki skal uppfylla ákvæði um eigið fé skv. 4. gr. eigi síðar en í árslok 1992. Ákvæði 5. gr. um samstæðureikning fyrir félagasamstæðu tekur gildi frá og með reikningsárinu 1992.

*Gjört í Reykjavík, 31. mars 1992.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

Nr. 8

1. apríl 1992

**L Ö G**

**um breytingu á lögum um sparisjóði, nr. 87 4. júlí 1985.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

40. gr. laganna orðast svo:

Eigið fé sparisjóðs, eins og það er skilgreint skv. 2. mgr., skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar 8% af áhættugrunni, þ.e. heildareignum sparisjóðsins og liðum utan efnahagsreiknings samkvæmt nánari reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárhlutfalli sparisjóða sem Seðlabanki Íslands setur. Eiginfjárfrafan skv. 1. málsl. skal gilda um samstæðureikning, sbr. 41. gr.

Við útreikning á eiginfjárhlutfalli, sbr. 1. mgr., skal eigið fé samsett af tveimur þáttum, eiginfjárfætti A og eiginfjárfætti B, sbr. 3. og 4. mgr. Eiginfjárfáttur A skal nema að lágmarki helmingi eigin fjár.

Eiginfjárfáttur A telst vera:

1. Innborgað stofnfé.
2. Endurmatsreikningur samkvæmt verðbólgu-reikningsskilum.
3. Varasjóðir og annað eigið fé samkvæmt ársreikningi sem ekki fellur undir eiginfjárfátt B.
4. Afskriftareikningur vegna almennrar útlánaáhættu að hámarki 1,25% af áhættugrunni. Með afskriftareikningi útlána vegna almennrar útlánaáhættu er ekki átt við þau framlög, almenn og sérstök, sem lögð hafa verið til hliðar vegna útlánatapa og sérstaklega hafa verið metin eða talin eru hugsanleg á uppgjörstegi með hliðsjón af tapreynslu í útlánastofninum og endurspegla rýrnun á verðmæti útlánanna.
5. Frá eiginfjárfætti A skal draga eigin stofnfjárhluti, viðskiptavild og aðrar óáþreifanlegar eignir, svo og áfallnar ófærðar skattskuldbindingar sem rýra möguleika sparisjóðsins til að mæta tapi.

Eiginfjárfáttur B telst vera víkjandi lán sem sparisjóður tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en fimm ár og að við gjaldþrot sparisjóðsins eða slit hans fáiast það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur sparisjóðnum en endurgreiðslu stofnfjár. Þegar fimm ár

eru eftir af lánstímanum skal lánið reiknast niður um 20% fyrir hvert ár sem líður af þessum fimm árum nema um sé að ræða lán sem greiðist niður með jöfnum afborgunum á tímabilinu. Heildarfjárhæð víkjandi lána má hæst nema 50% af eiginfjárþætti A.

Frá eigin fé skv. 2. mgr. skal draga bókfært virði á eignarhlutum og víkjandi lánum sparisjóðs hjá félögum, sem falla undir skilgreiningu 1. mgr. 32. gr., öðrum en þeim sem teljast vera dótturfélög og reiknast með í samstæðureikningi sparisjóðs og dótturfélaga, sbr. eftirfarandi:

1. Eignarhlutur í félögum, öðrum en Lánastofnun sparisjóðanna, þar sem eignarhlutir sparisjóðsins nema meira en 10% af hlutafé viðkomandi félaga.
2. Eignarhlutur í félagi, sem sparisjóður hefur eignast tímabundið vegna endurskipulagningar þess félags, skal ekki dragast frá.
3. Eignarhlutur í félögum þar sem eignarhlutir sparisjóðsins nema allt að 10% af hlutafé viðkomandi félaga, svo og eignarhlutur í Lánastofnun sparisjóðanna. Frádrátturinn takmarkast við þá heildarfjárhæð eignarhluta og víkjandi lána sem er umfram 10% af eigin fé sparisjóðsins eins og það er reiknað skv. 2. mgr. fyrir frádrátt skv. 3. mgr.

Heimilt er ráðherra að ákveða að aðrir efnahagsliðir en greindir eru í 3. og 4. mgr. skuli teljast með eigin fé að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

Ákvæði þessarar greinar skulu einnig gilda fyrir Lánastofnun sparisjóðanna, sbr. XII. kafla.

#### 2. gr.

Við 1. mgr. 41. gr. laganna bætast þrír nýir málslíðir svohljóðandi: Þegar um er að ræða sparisjóð sem á það stóran hlut í félagi að það síðarnefnda telst dótturfélag, sbr. 2. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, skal semja samstæðureikning fyrir félagasamstæðuna. Ákvæðið um skyldu til að semja samstæðureikning gildir þó ekki þegar um er að ræða félag sem sparisjóður hefur eignast tímabundið hlut í annaðhvort til að tryggja fullnustu kröfu eða vegna endurskipulagningar þess félags. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá skyldu til að semja samstæðureikning.

#### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Sparisjóður skal uppfylla ákvæði um eigið fé skv. 1. gr. eigi síðar en í árslok 1992.

Ákvæði 2. gr. um samstæðureikning fyrir félagasamstæðu tekur gildi frá og með reikningsárinu 1992.

*Gjört í Reykjavík, 1. apríl 1992.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Jón Sigurðsson.*